

*Erindi varðandi auglýsingu eftir íþrótt- og tómstundafulltrúa*

*Berist til sveitarstjórnar*

*Foreldrar í Strandabyggð hafa mikinn metnað fyrir börnunum sínum og telja það lykilatriði til að tryggja jákvæða búsetuþróun að öflugt, fjölbreytt og faglegt frístundastarf sé í boði fyrir börnin okkar.*

*Við fögnum því að auglýst hafi verið eftir afleysingu í starf íþrótt- og tómstundafulltrúa í ljósi þess að veikindaleyfi hefur dregist á langinn.*

*Þó skortir framsýni þegar kemur að hæfniskröfum og starfslýsingu. Þegar starfsheitið er skoðað í starfsmati Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur skýrt fram að viðkomandi þurfi að vera með háskólamenntun í tómstundafræði eða öðrum uppeldisgreinum auk þess að búa yfir reynslu af starfi með börnum.*

*Hvað varðar verkefni viðkomandi söknum við ýmissa þátta svo sem forvarnarstarfs, þátttöku í samþættingu í þágu farsældar barna, stefnumótunar, eflingar íþróttastarf og samstarfi og faglegs stuðnings við nefndir og ungmennaráð. Jafnframt skortir að minnst sé á mikilvægi þátttöku í samstarfi og faglegri uppbyggingu í frístundastarfi og getu og vilja til að efla barnalýðræði.*

*Enn fremur þykir okkur skjóta skökku við að dregið hafi verið úr stöðugildi starfsins og ný störf virðast hafa verið sett á laggirnar í íþróttamiðstöð og félagsmiðstöð án umræðu og kynningar.*

*Allt ofangreint teljum við að ógni tækifærum barnanna okkar til þátttöku í faglegu frístundastarfi og möguleikum okkar til að vera í raun barnvænt samfélag sem hugar að farsæld og framtíðarmöguleikum barnanna okkar.*

*Virðingarfyllst*

*Foreldrafélag leik- og grunnskólans.*